



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 12.11.2014
Tilvísun: 201410-0053

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun nýs Landspítala, 25 mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármögnun nýs Landspítala, 25 mál.

41. þing Alþýðusambands Íslands sem lauk í Reykjavík 24. október 2014 ályktaði um heilbrigðismál. Á ályktun þingsins segir m.a: „Heilbrigðiskerfið á að fjármagna úr sameiginlegum sjóðum og nauðsynlegt er að forgangsraða í opinberum rekstri svo öllum verði aftur tryggð heilbrigðisþjónusta í fremstu röð. Til þess þarf m.a. að hefjast nú þegar handa við byggingu á nýjum Landspítala.“

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að leitað verði leiða til þess að tryggja fjármögnun nýs Landspítala og mælir því með því að Alþingi samþykki þingsályktunartillöguna.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 3. nóvember 2014

Efni: Umsögn Félags lífeindafræðinga um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala, 25. mál.


Í tillögunni felst að komið verði á fót nefnd þingmanna úr öllum flokkum sem fái það hlutverk að vinna með stjórnvöldum að því að fylgja eftir ályktun Alþingis um byggingu nýs Landspítala. Nefndin mun fjalla meðal annars um fjármögnunarleiðir, áfangaskiptingu og önnur álitamál tengd verkinu og skila niðurstöðum eigi síðar en 15. maí 2015.

Félag lífeindafræðinga telur brýnt að þingheimur sameinist um að fjármagna og byggja nýjan Landspítala sem fyrst. Stjórn félagsins telur hins vegar að áætlun um áfangaskiptingu sem fram kemur í tillögu þessari sé ekki raunhæf. Í tillögunni kemur eftirfarandi fram:

Farsælast væri að byrja á brýnasta verkefninu, þ.e. meðferðarkjarnanum sem áætlað er að kosti 36,9 milljarða kr. Raunhæft er að ætla fimm ár til að byggja hann, eins og áður sagði. Þegar meðferðarkjarninn verður tekinn í notkun er talið að strax megi leggja niður þá starfsemi spítalans sem fram fer í Fossvogi.

Félag lífeindafræðinga telur ekki raunhæft að leggja megi niður þá starfsemi spítalans sem fram fer í Fossvogi við það eitt að meðferðarkjarni sé tekinn í notkun. Við teljum að nauðsynlegt sé að rannsóknarhús sé byggt samhliða svo sameina megi rannsóknarstofur spítalans í sama áfanga. Sú starfsemi rannsóknarstofa sem fram fer nú þegar í Fossvogi rúmast ekki í núverandi húsnæði sem rannsóknarstofur hafa til umráða við Hringbraut. Því þyrfti að finna þeim stað annars staðar ef rannsóknarhús er ekki byggt upp samhliða meðferðarkjarna. Félag lífeindafræðinga telur einnig að 5 ára framkvæmdartími til verksins sé í rýmra lagi, til að ná fram þeirri hagræðingu sem felst í byggingu nýs Landspítala ætti stefnan að vera sett á mun skemmri tíma svo sparnaðurinn fari að skila sér sem fyrst.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Félags lífeindafræðinga


Gyða Hrónn Einarsdóttir.

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Meiri hlutinn telur að skipan nefndar með þau verkefni sem tiltekin eru í þingsályktunartillögunni séu á verksviði framkvæmdarvaldsins en ekki Alþingis. Fram hefur komið að stjórnvöld eru jákvæð fyrir því að undirbúningur byggingar nýs Landspítala hefjist á yfirstandandi kjörtímabili. Vísir að þeirri fyrirætlan kemur fram í fjárlögum yfirstandandi árs og frumvarpi næsta árs þar sem samtals er verið að veita 170 millj. kr. til að undirbúa og hanna byggingu sjúkrahótels. Hagkvæmni fjárfestingarinnar í heild liggur að miklu leyti í byggingu sjúkrahótels og er því eðlilegt að byrja á þeirri framkvæmd.

Á sínum tíma fjallaði fjárlaganefnd um frumvörp um stofnun opinbers hlutafélags um nýjan Landspítala og breytingartillögur við þau lög. Nefndin fékk til sín fjölmarga gesti þá bæði vegna framkvæmdarinnar sjálfar og vegna fjármögnunar hennar.

Þá útbjó nefndin umsögn við þingsályktunartillögu þá sem samþykkt var á síðasta löggjafarþingi og vísað er til í greinargerð með þessari tillögu. Nefndinni þykir skjóta skökku við að þingsályktunartillögunni sem fjallar nær eingöngu um fjármögnunarleiðir og áfangaskiptingu framkvæmda hafi ekki verið vísað beint til fjárlaganefndar. Auk þess er um að ræða eina umfangsmestu fjárfestingu ríkisins á síðastliðnum árum.

Rétt þykir að vekja athygli velferðarnefndar á nefndarálitum fjárlaganefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík sem fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram á 141. þingi (618. mál). Megintilgangur frumvarpsins var að breyta fyrri lögum með það að markmiði að framkvæmdin, eða í það minnsta stærstu hlutar hennar, yrði í formi hefðbundinnar opinberrar framkvæmdar, í stað þess að ríkið leigði nýbyggingar af fasteignafélagi. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að væntanlega þurfi ríkið að færa heildarskuldbindinguna til gjalda í reikningum ríkisins á framkvæmdatíma verksins en ekki einungis leigugreiðslur eftir því sem þær greiðast. Í 14. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir að verksamninga skuli gjaldfæra í samræmi við framvindu verksins ljúki því ekki á reikningsári.

Það breytir því engu um afkomu ríkissjóðs hvort um opinbera framkvæmd eða leigufamkvæmd á vegum Nýs Landspítala ohf. er að ræða. Eftir sem áður er vandinn sá að taka þarf lán til framkvæmdanna og í ljósi skuldastöðu ríkissjóðs og rekstrarafkomu er ekki enn ljóst hvernig takast á að fjármagna greiðslur vaxta og afborgana.

Valgerður Gunnarsdóttir er sammála umsögninni en var fjarverandi við sjálfa afgreiðsluna.

Alþingi, 12. nóvember 2014

Vigdís Hauksdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson,

Haraldur Benediksson,
Ásmundur Einar Daðason,
Karl Garðarsson.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2014

Tilvísun: HII4100190/0.3

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala, Þingskjal 25 — 25. mál.

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar framangreind tillaga til þingsályktunar.

Fyrir liggur að Háskóli Íslands hefur frá upphafi tekið þátt í undirbúningi verkefnis um uppbyggingu Landspítala, enda um mjög brýnt hagsmunamál að ræða fyrir háskólann og menntun heilbrigðisvísindastétta á Íslandi í þágu sjúkra. Eins og kunnugt er áformar Háskóli Íslands uppbyggingu húsnæðis fyrir Heilbrigðisvísindasvið skólans á Landspítalalóðinni við Hringbraut samtengt hinni fyrirhuguðu byggingu Landspítala. Húsnæði háskólahlutans yrði fjármagnað af happdrættisfé (HHÍ).

Telja má að nokkuð víðtæk sátt hafi myndast á Íslandi um uppbyggingu Landspítala um leið og fram hefur komið að erfiðasti hjallinn við framkvæmdina er fjármögnun verksins eins og fram kemur í texta tillögunnar. Háskóli Íslands telur að með pólitískri samstöðu um hvernig skuli standa að fjármögnun verksins aukist líkur á að framkvæmdir geti hafist sem fyrst.

Að öðru leyti gerir Háskóli Íslands ekki athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllt
f.h. háskólarektors

Þórður Kristinsson
sviðsstjóri kennslusviðs

6. nóvember 2014
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala (þingskjal 25 – 25. mál lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015)



Ingibjörg H. Bjarnason í ræðustóli á Austurvelli á hátíð kvenna 19. júní 1916
lýsir formlega yfir stofnun Landspítalasjóðs.

Kvenréttindafélag Íslands lýsir yfir ánægju með og stuðningi við tillögu til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala.

Landspítalinn er ein mikilvægasta stofnun íslensku þjóðarinnar og mikilvægt er að framtíð hans sé tryggð.

Þann 7. júlí 1915 hittust konur á Austurvelli í Reykjavík og fögnuðu kosningarétti kvenna sem hafði verið lögfestur mánuðinn áður. Ingibjörg H. Bjarnason, sem seinna átti eftir að setjast á Alþingi fyrst kvenna, steig þar á stökk og lýsti því yfir að fyrsta málið sem konur með kosningarétt hygðust beita sér fyrir væri stofnun Landspítala.

Í forystugrein *Kvennablaðs* Brietar Bjarnhéðinsdóttur 16. ágúst 1915 eru íslenskar konur ávarpaðar:

Öllum ætti að vera það ljóst, hver þjóðarnauðsyn það er, að sem fullkomnastur landspítali verði sem fyrst settur á stofn í höfuðstað landsins. Þar er bestur kostur á læknishjálpi og þangað leita árlega sjúklingar úr öllum sveitum landsins, svo hundruðum skiptir, til þess að fá bót meina sinna. Eins og nafn sjóðsins bendir á, viljum vér vinna eftir megni að því að þetta viðurkennda nauðsynjamál komist sem fyrst í framkvæmd, og vér ætlum oss að stuðla að því á tvennan hátt:

Í fyrsta lagi: með því að beita áhrifum vorum um allt land til þess að vekja áhuga landsmanna á þessu máli.

Í öðru lagi: með áðurnefndri sjóðstofnun.

Ekkert mál er betur en þetta fallið til þess að sameina alla þjóðina; þetta mál hlýtur að standa fyrir ofan flokkaskiptingu og skoðanamun. Heitum því máli þessu fylgi voru, eigi aðeins er til kosninga kemur, heldur nú þegar.

Landspítalaskjóður Íslands var formlega stofnaður 19. júní 1916, daginn sem konur fögnuðu að ár var liðið frá því að þær fengu kosningarétt. Hét sjóðurinn fullu nafni „Landsspítalaskjóður Íslands til minningar um stjórnáráttindi íslenskra kvenna, fengin 19. júní 1915“. Var Ingibjörg H. Bjarnason kosin formaður sjóðsins og gegndi hún því starfi til dauðadags 1941.

Á næsta ári eru hundrað ár frá því að konur ákváðu að safna fyrir byggingu Landspítala. Það er okkar að tryggja að Landspítalinn geti til frambúðar verið miðstöð þjóðarinnar fyrir framúrskarandi heilbrigðisþjónustu.

Í viðhengi við þessa umsögn er að finna endurprent úr ársriti Kvenréttindafélags Íslands 19. júní 2014. Þar skrifar Þórdís Sigurðardóttir um þátt kvenna í stofnun Landspítala.

Íslenskar konur!

Sýnum í verki að vér kunnum að meta þá réttarbót, sem vér höfum öðlast. Sýnum með því að styðja þetta þarfa fyrirtæki, að hinir nýju kvenkjósendur beri heill lands og þjóðar fyrir brjósti. Leggjum allar eitthvað af mörkum í þenna sjóð, hver eftir efnum og ástæðum; þótt tillagið frá hverri einstakri sé eigi stórt, sýnir það eigi að síður, góðan vilja gefandans, og sigursæll er góður vilji. Engin upphæð er of smá til þess að verða að gagni, margt smátt gerir eitt stórt.

Reykjavík 20. júlí 1915.

ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR

LANDSPÍTALINN – ÓSKABARN ÍSLENSKRA KVENNA

Þórdís skyggnist inn í kvennabaráttu fyrstu áratuga 20. aldarinnar á Íslandi með því að skoða baráttu íslenskra kvenna fyrir stofnun Landspítalans.

20. öldin markaði djúptæk spor í jafnréttisbaráttu íslenskra kvenna. Árið 1915 var mikilvægur vendipunktur en þá fengu konur kosningarétt til Alþingis. Stjórnskipunarlög frá 19. júní 1915 veittu konum sama kosningarétt og körlum að undanskildu tímabundnu aldursákvæði, en fyrst um sinn fengu aðeins konur 40 ára og eldri kosningarétt. Skömmu síðar hófu konur söfnun fyrir byggingu á Landspítalanum.



Þórdís Sigurðardóttir



Hornsteinn lagður að Landspítalanum í júní 1926 að viðstöddum konungshjónunum Kristjáni X og Alexöndru drottningu hans. Guðmundur Thoroddsen læknir stendur fyrir miðri mynd. Mynd: Ragnhildur Th. Bragadóttir; Landspítali — Háskólasjúkahús.

Árið 1915 tóku hópar kvenna höndum saman um að berjast fyrir stofnun almenns spítala fyrir landið allt. Í kjölfar stjórnarskrárbreytingar sem staðfesti kosningarétt og kjörgengi kvenna til Alþingis sameinuðust konur úr ólíkum hreyfingum um að koma á sérstökum fjáröflunarsjóði til styrktar þessu málefni. Með því vildu þær

þakka fyrir nýfengin réttindi og beita áhrifum sínum til að vekja áhuga stjórnvalda, löggjafans og landsmanna á stofnun spítalans.¹

Ísland var á þessum tíma afar fátækt land og heilbrigðismálum verulega áfátt. Í bók Sigrúnar Pálsdóttur *Þóra Biskups*, sem byggir á sendibréfum er rituð voru í kringum aldamótin 1900, kemur til dæmis víða fram hve farsóttir og aðrir sjúkdómar og dauðsföll af þeirra völdum léku þjóðina grátt, háa sem lága.² Ríkir jafnt sem fátækir lutu lægra haldi fyrir pestum og sóttum, þótt aðbúnaður væri auðvitað stéttbundinn og ráðum fækkaði eftir því sem efnahag hrakaði. Nokkur minni sjúkrahús voru starfrækt á landinu upp úr aldamótunum 1900, en engin fæðingardeild var til á landinu.³ Ekki þarf því að undra að umbætur á sviði heilbrigðismála hafi verið konum sem vildu láta þjóðfélagsmál til sín taka hugleikin. Ábyrgðin á heilsufari þjóðarinnar var að stórum hluta í þeirra höndum.

1 Kvennablaðið 1915, bls. 49.

2 Sigrún Pálsdóttir. Þóra Biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar 1847-1917. Reykjavík: JPV útgáfa, 2010.

3 Erla Dóris Halldórsdóttir. „Þáttur kvenna í stofnun Landspítalans“ í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 2000, bls. 257-262.

Jafnvirði, jafnrétti eða kvenfrelsi

Þær kvennahreyfingar sem litu dagsins ljós á Íslandi í kringum aldamótin 1900 voru hluti af vestrænni bylgju baráttuhreyfinga kvenna sem voru að ryðja sér til rúms. Miklar samfélagslegar breytingar áttu sér stað og eldri þjóðfélagsskipan gliðnaði í sundur. Baráttan fyrir borgaralegum réttindum var meginbaráttumál kvennahreyfinga þessa tíma, ekki síst baráttan fyrir kosningaréttinum.

Vissulega höfðu kvenréttindakonur sem létu að sér kveða á þessum tíma ólíkar skoðanir á því að hverju skyldi stefnt í málefnum kvenna. Í bókinni *Veröld sem ég vil* gerir Sigríður Th. Erlendsdóttir grein fyrir mismunandi rótum kvenfélaga þessara tíma, og notar hugtökin jafnvirði, jafnrétti og kvenfrelsi til að lýsa ólíkum hugmyndafræðilegum forsendum slíkra félaga.⁴

Jafnvirði vísar til baráttunnar fyrir því að heimilis- og umönnunarstörf kvenna séu metin jafnmikils og fyrirvinnustörf karla og þannig beri að virða þau jafnmikils.

4 Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil*: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993, bls. 29.



*Aðalbygging Landspítalans við Hringbraut í byggingu. Ártal óþekkt.
Mynd: Landspítali – Háskólasjúkrahús.*

Hefur sagnfræðingurinn Sigríður J. Matthíasdóttir nefnt þessa hugmyndafræði húsmæðrahugmyndafræði.⁵

Jafnrétti vísar til þess að karlar og konur eigi að hafa sömu tækifæri og að þannig beri að tryggja réttindi kvenna til jafns á við karla, hvort heldur er á sviði atvinnu, stjórnmalapátttöku eða á öðrum vettvangi. Má segja að þessi hugmyndafræði hafi

einkennt hina borgaralegu kvennahreyfingu sem var að vaxa úr grasi um aldamótin 1900.

Kvenfrelsi vísar aftur á móti til þess að breyta samfélagsgerðinni og er því róttækasta sjónarhornið. Tæpast er hægt að halda því fram að þetta sjónarhorn hafi verið dæmigert fyrir kvennabaráttu á Íslandi á öndverðri 20. öldinni.

Tvö helstu kvenréttindafélögin við upphaf 20. aldarinnar voru Hið

⁵ Sigríður J. Matthíasdóttir. „Kvennahreyfing millistríðsáranna og átökin um hlutverk kvenna innan þjóðríkisins“ í Fléttur II: Kynjafræði – Kortlagningar. *Ritstj. Irma Erlingsdóttir. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004, bls. 103-111.*

Íslenska kvenfélag, stofnað 1894, og Kvenréttindafélag Íslands, stofnað 1907. Þótt bæði þessi félög létu kvenréttindi til sín taka var á þeim hugmyndafræðilegur munur.

Hið íslenska kvenfélag stóð á kristilegum grunni og einbeitti sér einkum að bindindis- og góðgerðarmálum í anda jafnvirðishugmynda.⁶ Kvenréttindafélagið beitti sér fyrst og fremst fyrir réttindamálum

⁶ Í grein Kristínar Ástgeirsdóttur „Fyrst kvenna á Alþingi: Gagnrýni á Ingibjörgu H. Bjarnason“, sem birt var í Fléttur II: Kynjafræði – Kortlagningar árið 2004, er einmitt vakin athygli á nánum tengslum kvannahreyfinga þessa tíma við bindindismál.

kvenna í anda jafnréttishugmynda. Félagið var raunar stofnað í kringum baráttuna fyrir kosningarétti kvenna.⁷

Bæði félögin áttu þó eftir að taka höndum saman um Landspítalamálið.

Eðli kvenna bundið líkn og mannkærleika

Við undirbúning kvennafundar sumarið 1915, sem tileinkaður var stjórnar-

⁷ Í 2. gr. laga Kvenréttindafélags Íslands er markmið félagsins skilgreint sem: „að starfa að því að Íslenskar konur fái fullt stjórnmalajafnrétti á við karlmenn, kosningarétt, kjörgengi svo og rétt til embætta og atvinnu með sömu skilyrðum og þeir.“



Yfirlitsmynd séð yfir Þingholt og Landspítalann, 1930–1931
Mynd: Landspítali – Háskólasjúkrahús



Mynd: Landspítali – Háskólasjúkrahús

skrárbreytingunni 19. júní það ár, kom fram tillaga bæði frá Hinu íslenska kvenfélagi og Kvenréttindafélagi Íslands um að beita sér fyrir stofnun Landspítala í Reykjavík.⁸ Að fundinum stóðu tólf kvenfélög og var þar samþykkt að koma á fót fjáröflunarsjóði í þágu málefnsins.⁹

Sjóðurinn hlaut nafnið Landspítala-sjóður Íslands. Í *Kvennablaðinu*, málgagni Kvenréttindafélagsins, segir árið 1915 í hvatningarorðum um sjóðinn:

⁸ *Kvennablaðið 1916, bls. 9.*

⁹ *Erla Dóris Halldórsdóttir, bls. 257.*

Starfssvið kvenna hefur ævinlega verið sérstaklega bundið við líknar- og mannkærleikastörf, látum þau störfín og framvegis til vor taka.¹⁰

Þessi orð bera með sér að jafnvirðis-hugmyndir um sérstakt eðli kvenna sem beri að virða og rækta voru nýttar til að afla málstaðnum stuðnings.

Konurnar sem stóðu að sjóðnum voru þó ekki allar sömu skoðunar. Sumar Kvenréttindafélagskonur, með Bríeti Bjarnhéðinsdóttur í broddi fylkingar, höfðu

¹⁰ *Kvennablaðið 1915, bls. 49.*



Hjúkrunarkonur á handlækningadeild 1945–1946. Ljósmyndari óþekktur. Ljósmynd frá Jóhönnu Björnsdóttur 1912–2003, hjúkrunarkonu á Landspítala 1939–1982. Mynd: Landspítali – Háskólasjúkrahús

efasemdir um að standa fyrir fjáröflun til líknarmála á vegum félagsins. Að þeirra mati var það í verkahring landsstjórnar, ekki kvennasamtaka, að annast byggingu og rekstur Landspítala. Þessi skoðun kemur skýrt fram í *Kvennablaðinu*.¹¹

Konur höfðu hins vegar með stofnun sjóðsins vakið þjóðina og ráðamenn til meðvitundar um nauðsyn spítalans, eða

¹¹ Sjá t.d. *Kvennablaðið* 1918, bls. 9.

eins og var skrifað í *Kvennablaðinu* árið 1918:

*Vér vildum láta þessa kröfu hjóma í sífellu svo hátt í eyrum löggjafanna að þeir geti aldrei troðið svo fast upp í eyru sín, að hún ekki yfirgnæfði aðrar kröfur.*¹²

Það var því á pólitískum forsendum, sem málsvarar fyrir Landspítala, að Kvenréttindafélagskonur gátu stutt sjóðinn.

Aðstandendur tímaritins 19. júní sem fyrst kom út 1917 voru eindregnir stuðningsmenn sjóðsins og blaðið leit raunar dagsins ljós í tengslum við baráttuna fyrir stofnun Landspítalans.¹³ Fyrsta eintak blaðsins var selt til ágóða fyrir Landspítalaskjóðinn og í þeim blöðum sem út komu næsta áratuginn var málefnið fylgt eftir af festu.¹⁴

Fyrsti ritstjóri blaðsins var Inga J. Lárusdóttir en hún hafði um tíma setið í stjórn Kvenréttindafélagsins.¹⁵ Landspítalinn – bygging kvennanna – var svo mikilvægt hagsmunamál að þessir ólíku armar kvannahreyfingarinnar gátu sameinast

¹² *Kvennablaðið* 1918, bls. 42.

¹³ Til að fyrirbyggja misskilning ber að geta þess að tímarit Kvenréttindafélagsins hlaut síðar einnig þetta heiti, en fyrsta tölublað þess kom út árið 1951.

¹⁴ 19. júní (1917-1929) 1917, bls. 1.

¹⁵ Sigríður Th. Erlendsdóttir, bls. 146.

um það þrátt fyrir hugmyndafræðilegan ágreining á ýmsum sviðum.¹⁶ Svo fór að 19. júní varð eins konar arftaki *Kvennablaðsins* sem hætti að koma reglulega út árið 1919, og kom það í hlut fyrrnefnda tímaritsins að standa vaktina til enda stofnun Landspítala og kom það út allt til ársloka 1929.

Landspítalaskjöldurinn varð að veruleika 19. júní 1916 og varð sá dagur árlegur fjáröflunardagur fyrir hann. Fyrsti formaður sjóðsins var Ingibjörg H. Bjarnason sem síðar varð fyrst kvenna kjörin til setu á Alþingi.¹⁷ Fljótlega fóru peningar að streyma inn í sjóðinn. Efnt var til hvers kyns samskota en einnig bærust sjóðnum gjafir og áheiti og gefin voru út minningarspjöld á vegum hans.¹⁸ Í 19. júní var reglulega gert grein fyrir framlögum og má þar sjá að félög, fyrirtæki, eignamenn og alþýðufólk lögðu sitt af mörkum til að styrkja sjóðinn, sem sýnir að málið naut stuðnings meðal almennings og olli ekki miklum usla. Dæmi má þó finna um að ekki hafi málefnið alls staðar mætt skilningi, að minnsta kosti ekki í upphafi, en í 19. júní 1917 kemur fram að Reykjavíkurbliðin andi ekki hlýtt í garð

þeirra sem að sjóðnum standa.¹⁹

Ingibjörg H. Bjarnason hlaut kosningu til Alþingis fyrir Kvennalistann eldri árið 1922 og sat á þingi næstu átta árin. Hún barðist allan þann tíma fyrir stofnun Landspítalans. Framboð sérstaks kvennalista var raunar nátengt því hve stjórnvöldum gekk seint að koma Landspítalamálinu á rekspöl og leiddar hafa verið líkur að því að ein helsta ástæða þess að Ingibjörg gekk til liðs við Íhaldsflokkinn árið 1924 hafi verið að henni hafi verið heitið stuðningi við byggingu Landspítala.²⁰

Byggingarframkvæmdir hófust loks haustið 1925, í fyrstu eingöngu með fjármagni úr Landspítalaskjóði en fjárveitingar ríkissjóðs voru tryggðar frá árinu 1926. Landspítalinn var vígður 1930, á þúsund ára afmælisári Íslandsbyggðar. Landspítalaskjöldur mun hafa lagt fram þriðjung byggingarkostnaðar.²¹ Þrátt fyrir þetta stóra framlag og þrotlausa pólitíska baráttu kvenna fyrir stofnun hans var, eins og Sigríður Th. Erlendsdóttir orðaði það:

19 19. júní (1917-1929) 1917, bls. 8.

20 Kristín Ástgeirsdóttir. „Fyrst kvenna á Alþingi: Gagnrýni á Ingibjörgu H. Bjarnason“ í Fléttur II: Kynjafræði – Kortlagningar. Ritstj. Irma Erlingsdóttir. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004, bls. 173.

21 19. júní (1917-1929) 1925, bls. 84.

16 19. júní (1917-1929) 1917, bls. 51.

17 Kvennablaðið 1918, bls. 25.

18 Sjá t.d. 19. júní (1917-1929) 1917, bls. 49-50.

„þagað þunnu hljóði um þátt kvenna í tilkomu hans“.²²

Enn gustar um Landspítalann

Veturinn 2013–2014 komst Landspítalinn aftur í sviðsljós pólitískrar orrahríðar og minnti umræðan um margt á umræðuna fyrir hundrað árum. Enn er um að ræða stórt hagsmunamál allrar þjóðarinnar og enn snýst það um peninga og hvaðan þeir eigi að koma. Þær konur sem voru í fararbroddi í upphafi aldarinnar sáu varla fyrir sér þær gríðarlegu efnahagslegu breytingar sem áttu eftir að eiga sér stað í íslensku samfélagi á 20. öldinni. Velferðarsjónarmið var grundvöllur starfs þeirra, að tryggja velferð sjúkra og aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, fátækra jafnt sem efnameiri.

Rökræðan um konur og ábyrgð þeirra á velferðarmálum er vel þekkt stef úr kvennabaráttuni, bæði í íhaldssamari og frjálslyndari örmum kvennahreyfingarinnar.²³ En baráttan fyrir stofnun Land-

spítalans er jafnframt dæmi um hvernig konur hafa, þrátt fyrir pólitískan ágreining, löngum getað sameinast um mikilvæg hagsmunamál.

Ájaðri umræðunnar um Landspítalann undanfarin misseri hefur átt sér stað áhugaverð rökræða um aðferðir við fjármögnun til velferðarmála. Þjóðkirkjan hefur hlutast til um málefni Landspítalans og hvatt söfnuði landsins til að safna fé fyrir hann.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, hóf máls á þessari söfnun í nýársávarpi sínu 2013 og taldi að íslenska þjóðkirkjan gæti leitt söfnun fyrir spítalann. Enn og aftur svöruðu konur kallinu og efndu til samskota²⁴ á meðan stjórnámamenn körpuðu um hvort þjóðkirkjan eigi að blanda sér í góðgerðarstörf af þessum toga eða ekki.²⁵ Þannig er ennþá gripið til gamalkunnugra aðferða þegar vinna á velferðarmálum lið og rökræðan um réttmæti þess virðist lítið hafa færst úr stað.

²⁴ Sjá t.d. frétt Morgunblaðsins 29. september 2013 sem segir frá þróna- og nytjamarkaði sem þróðakonur í Garðabæ framleiddu til stuðnings málefnum.

²⁵ Sjá t.d. ritstjórnargrein DV 5. janúar 2013 um deilu Sigríðar I. Ingadóttur og Kristjáns Möller um hvort þjóðkirkjan eigi að ljá málefnum lið. Sigríður, eins og Bríet áður, hefur sínar efasemdir um fjáröflun af þessum toga á meðan Kristján skilur ekki að hún skuli gagnrýna þjóðkirkjuna fyrir að standa fyrir landssöfnun fyrir sveltan spítala.

²² Sigríður Th. Erlendsdóttir, bls. 148.

²³ Sjá t.d. grein Kristínar Ástgeirsdóttur „Fyrst kvenna á Alþingi: Gagnrýni á Ingibjörgu H. Bjarnason“ og Sigríðar J. Matthíasdóttur „Kvennahreyfing millistríðsáranna og átökin um hlutverk kvenna innan þjóðríkisins“ í Fléttur II: Kynjafraeði – Kortlagningar, 2004.

Eins og fram hefur komið voru heilbrigðismál að stórum hluta í höndum kvenna við upphaf 20. aldarinnar. Svo er enn þann dag í dag þótt karlar fylli vissulega helstu stjórnunarstöður, hvort heldur er inni á sjúkrahúsunum²⁶ eða haldi utan um ríkisfjármálin. Niðurskurður á Landspítalanum bitnar á velferðinni, á heilsu kvenna og karla á öllum aldri og á kvennastéttunum sem fylla störfín. Lítið hefur þó borið á kynjuðum sjónarmiðum í umræðu undanfarinna missera um Landspítalann, um þau er „þagað þunnu hljóði“ rétt eins og þegar hann hóf starfsemi sína.

Hið gleymda þjóðaráttak

Sagan um upphaf Landspítalans er að mestu gleymd og ekki fer hátt um þær konur sem stóðu í fylkingarbrjósti þessa þjóðaráttaks. Við þekkjum flest til skáldanna sem ortu um landið og stjórnámamannanna sem stóðu í brúnni í sjálfstæðisbaráttunni í upphafi 20. aldarinnar, þeirri vitneskju hefur verið haldið að okkur frá blautu barnsbeini. En málstað kvennanna sem börðust fyrir

²⁶ Sjá t.d. frétt á Vísi.is 12. september 2013 þar sem tuttugu yfirlæknar og prófessorar við Landspítalann lýstu ófremdarástandi þar – en í þeirra hópi var engin kona.

óskabarni sínu, Landspítalnum, hefur ekki verið haldið til haga. Fá hagsmunamál, ef nokkurt, hafa þó skipt meira máli fyrir velferð íslensku þjóðarinnar til lengri og skemmri tíma en einmitt þetta, rétt eins og umræðan um Landspítalann allt til dagsins í dag er til vitnis um. ■

*Höfundur er staðgengill framkvæmdastjóra
hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands*

4. nóvember 2014

Til nefndasviðs Alþingis

Embætti landlæknis hefur fengið til umsagnar mál nr. 25 til umsagnar frá nefndasviði Alþingis, sem er tillaga til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala.

Embættið tekur undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar um að bygging nýs Landspítala sé afar mikilvægt og brýnt verkefni til að bæta öryggi sjúklinga og gæði þjónustu. Þess má geta að í nýlegum úttektum embættisins á geðsviði og lyflækningasviði Landspítala kom fram að húsnæðið er að töluverðu leyti barns síns tíma, óhentugt og víða ábótavant.

Kveðja, Anna Björg Aradóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Dags. 11.11.2014
Tilv. 40.11

Efni: **Umsögn LSH um þingsályktunartilögu um fjármögnun byggingar nýs Landspítala, 25. mál á 144. löggjafarþingi**

Landspítali fagnar framkominni þingsályktunartilögu á Alþingi um "fjármögnun byggingar nýs Landspítala", 25. mál á 144. löggjafarþingi.

Stjórnendur og annað starfsfólk spítalans er afar þakklátt fyrir þann áhuga sem fram kemur í tillögunni á því að finna lausn sem tryggi að af framkvæmdum geti orðið sem fyrst. Landspítali leggur áherslu á nauðsyn þess að sú leið sem farin verður tryggi að verkefnið geti ekki aðeins hafist sem fyrst heldur að einnig sé lágmörkuð hættu á að framkvæmdir tefjist á síðari stigum vegna fjármögnunar.

Virðingarfyllst,



Páll Matthíasson, forstjóri

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Landssambands eldri borgara

Um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala. Mál nr 25 /2014

Landssamband eldri borgara studdi þingsályktunartillögu um byggingu nýs Landspítala sem samþykkt var á síðasta þingi mál nr. 10. Við styðjum einnig þessa tillögu sem gerir ráð fyrir að vinna að framgangi fyrri tillögu. Við teljum það afar brýnt að þetta mál nái fram að ganga. Að öðru leyti vísum við í umsögn okkar frá 27. nóv. 2013 um mál nr 10 á 143. Löggjafarþingi.

Reykjavík 5. nóv. 2014.

F.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 4. mars 2015.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala, þingmannatillaga.

Við er til tölvubréfs Alþingis frá 30. október sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um fjármögnun nýs Landspítala, 25. mál á 144. löggjafarþingi.

Í þingsályktunartillögunni felst að kosin verði nefnd sex þingmanna til að vinna með stjórnvöldum að því að fylgja eftir ályktun um byggingu nýs Landspítala, sem Alþingi samþykkti sl. vor. Nefndin fjalli um fjármögnunarleiðir, áfangaskiptingu og önnur álitamál sem tengjast framkvæmd málsins. Þá efli nefndin umræðu um málið með það að markmiði að skapa sátt um framkvæmdina. Í nefndinni sitji fulltrúar allra flokka á Alþingi. Nefndin skili niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. maí 2015.

LÍ telur það brýnt hagsmunamál fyrir framtíðaruppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar að nýr Landspítali verði reistur og það sem fyrst. Núverandi húsnæði Landspítalans er komið til ára sinna og við hönnun þess var ekki tekið tillit til fjölmargra þátt sem nútímalæknisfræði kallar eftir varðandi húsnæði. Þá liggur fyrir að hluti húsnæðis spítalans, ekki síst hluti þess sem er á Landspítalalóð, er heilsuspillandi. Nokkrir félagsmenn hafa t.d. leitað til LÍ vegna heilsufarsvanda sem rekja má beint til ástands húsnæðis Landspítala. Slíkar aðstæður á stærsta vinnustað landsins eru ekki bjóðandi, og skapa vanda bæði fyrir sjúklinga og starfsmenn.

LÍ tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að bygging nýs Landspítala er eitt mesta og brýnasta mál sem þjóðin stendur frammi fyrir. Ein meginforsenda sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík um síðustu aldamót var sú að reistur yrði nýr Landspítali þannig að öll starfsemi hins nýja sameinaða spítala yrði á einum og sama staðnum. Einum og hálfum áratug síðar er nýr spítali enn óreistur og húsnæðisleg sameining stofnunarinnar ekki enn orðin staðreynd.

Aðalfundir LÍ hafa margsinnis ályktað um mikilvægi þess að reistur verði nýr Landspítali. Vísast í því sambandi til umsagnar félagsins við þingsályktunartillögu um byggingu nýs Landspítala, sem samþykkt var 16. maí 2014.

LÍ styður þingsályktunartillöguna og telur mikilvægt að unnið verði hratt og örugglega að því að finna nauðsynlegt fjármagn svo unnt verði að hefja framkvæmdir við nýjan Landspítala sem allra fyrst. Jafnframt þarf að tryggja svo mikið fjármagn að framkvæmdatími verði eins skammur og mögulegt er. Það þjónar ekki hagsmunum sjúklinga að framkvæmdir við nýja byggingu, þegar þær loks hefjast, dragist mjög á langinn. Fulltrúar frá LÍ eru að sjálfsgöðu tilbúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd vegna þessa máls, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Meðfylgjandi:

- Ályktun aðalfundar LÍ um nýjan Landspítala frá október 2012

Aðalfundur LÍ
18. og 19. október 2012

Ályktun um nýjan sameinaðan Landspítala

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn á Akureyri 18.-19. október 2012, ítrekar ályktun sína frá síðasta aðalfundi þess efnis að byggður verði nýr Landspítali. Nýr spítali sem uppfyllir nútíma kröfur um húsnæði, aðstöðu og aðgengi fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk mun auka möguleika á að veita bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á.